

Stjórnarfundur no 2, 2014/2015

Ár 2014 þriðjudaginn 22. apríl kom stjórn og varastjórn saman til fundar í fundarherbergi félaganna á 3ju hæð Skipagötu 14. Fundurinn hófst hann kl. 18.15.

Formaður setti fundinn. og bauð fólk velkomið.

Þetta gerðist:

1. Bréf frá FSA

þar sem þakkað er fyrir peningagjöf frá félaginu vegna kaupa á nýjum sjúkrarúmum.

2. „Dekkið“ 5. – 6. maí n.k.

Hvað viltu upp á dekk- ráðstefna á vegum ASÍ fyrir konur í stjórnnum og starfsfólk stéttarféлага.

Konum í stjórn og starfi félagsins stendur til boða að fara á ráðstefnuna.

3. Aðalfundur Orlofsbyggðarinnar Illugastöðum 12. maí kl. 14.00

Félagið á 3 fulltrúa.

Skrifstofunni falið að fá fulltrúa til að fara.

4. Bréf frá Stapa lífeyrissjóði

þar sem kynntar eru hugmyndir um nýtt réttindakerfi.

Samþykkt að auglýsa eftir fulltrúum til að sitja aðalfund Stapa.

5. Inneignarbréf Flugfélags Íslands.

Eiður Stefánsson kynnti inneignarbréf FÍ þar sem stéttarfélögum eru boðin gjafabréf með afslætti sem síðan eru seld til félagsmanna.

Samþykkt að bíða með ákvörðun og sjá til.

Samþykkt að hver félagsmaður geti fengið 5 miða á Fosshótel og 5 miða á Edduhótl á almanaksári og kostar hver miði 2 orlofspunkta.

6. Mánatún 3-5.

Sífelldar kvartanir berast frá íbúum Mánatúns 3-5 vegna slæmrar umgengni sem þeir telja vera vegna orlofsíbúðanna.

Nokkrar umræður urðu um þessi mál.

7. Önnur mál

Skógarsel: Samþykkt að fara þrifferð í Skógarsel 20. og 21. maí.

Illugastaðir: Samþykkt að leggja höfuðáherslu á að klára rafmagn o.fl. í húsi no. 19.

Samþykkt að kaupa gasgrill í hús no. 12.

Bréf frá ASÍ ung þar sem minnt er á þing í september n.k. en við eigum 2 fulltrúa.

Rætt um nýjan kjarasamning sem Félag framhaldsskólakennara gerði nýverið.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Sign: Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Einar Hjartarson, Eiður Stefánsson, Anna María Elíasdóttir, Sigríður Stefanía Stefánsdóttir, Anna Kr. Árnadóttir, Jón G Rögnvaldsson, Árni Þorvaldsson Eydís Bjarnadóttir, Kristín Þorgilsdóttir ritaði fundargerð.